



Áfallaáætlun Hvolsskóla

Áætlun þessi var unnin af Öryggisráði Hvolsskóla veturinn 2014-2015.

Ábyrgðarmaður er skólastjóri.

Áætlunina er einnig að finna á heimasíðu skólans www.hvolsskoli.is

Efnisyfirlit

Almennt um aðstæður og aðbúnað í skólanum	5
Vibörgð við áfalli	5
Slys og dauðsföll nemenda	6
Slys og dauðsföll foreldra eða náinna ættingja	7
Slys og dauðsföll á meðal starfsmanna	8
Langvarandi veikindi á meðal nemenda eða veikindi á heimilum þeirra	9
Slys í vettvangsferðum.....	10
Önnur áföll.....	11
Umhverfi og slysavarnir	12
Rýmingaráætlun vegna bruna	13
Rýmingaráætlun vegna jarðskjálfta.....	14
Óveður	15

Það er stefna Hvolsskóla í Rangárþingi eystra að bregðast vel og rétt við þeim áföllum sem nemendur og starfsmenn skólans kunna að verða fyrir, jafnt innan skólans sem utan. Sem dæmi um þau áföll sem hér um ræðir má nefna:

- Alvarleg slys eða dauðsföll nemenda, foreldrar þeirra og náninna ættingja.
- Alvarleg slys eða dauðsföll á meðal starfsmanna.
- Langvarandi veikindi.
- Slys í vettvangsferðum.
- Skilnaður foreldra.
- Atvinnumissir foreldra.
- Önnur áföll sem upp kunna að koma.

Einnig þarf skólinn að geta brugðist við þeim áföllum sem mæta byggðarlaginu í heild.

Almennt um aðstæður og aðbúnað í skólanum

Stefnt er að því að allir starfsmenn skólans séu vel undir það búnir að takast á við þau áföll sem mætt geta þeim í starfi. Skipulögð verða námskeið fyrir alla starfsmenn um sorg og sorgarviðbrögð þar sem farið er yfir helstu viðbrögð og aðgerðir innan skólans. Á bókasafni skólans verður tryggt að til sé skrá yfir bækur sem fjalla um sorg og sorgarviðbrögð. Einnig verður þar sérstök skrá yfir bækur sem gott er að lesa fyrir börn þegar tekist er á við þá óvissu og sorg sem fylgir áföllum og slysum.

Viðbrögð við áfalli

Þegar brugðist er við áföllum líkum þeim sem talin eru upp hér að ofan þarf að taka tillit til aðstæðna hverju sinni. Mismunandi getur verið hvernig brugðist verður við þ.e. hvort áfallið verður á skólatíma eða utan skólatíma. Ef áfallið verður á skólatíma þarf að bregðast mjög skjótt við til þess að aðstoða nemendur og starfsmenn sem fyrir áfallinu verða. Í slíkum tilfellum er ákvörðun um viðbrögð í höndum skólastjórnenda í samráði við það starfsfólk sem er til staðar. Ef áfallið verður utan skólatíma gefst meiri tími til undirbúnings og auðveldarar ætti að vera að ná til fagfólks til aðstoðar ef þurfa þykir.

Slys og dauðsföll nemenda

- Ef upplýsingar berast til skólans um að nemandi hafi slasast illa eða látið lífið t.d. vegna sjúkdóms eða slysfara verður strax að koma þeim upplýsingum til skólastjóra. Hann þarf að leita eftir staðfestingu á atburðum hjá fjölskyldu, heilsugæslu, sóknarpresti eða lögreglu.
- Þegar staðfesting hefur fengist sér skólastjóri til þess að starfmenn skólans séu látnir vita eins fljótt og auðið er.
- Skólastjóri sér til þess að haft sé samband við sóknarprest og hann beðinn um að koma í skólann og ræða við nemendur og starfsmenn.
- Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri ganga með sóknarpresti í skólastofur.
- Fyrst er farið í stofu viðkomandi nemanda og síðan í aðra bekki.
- Sóknarprestur segir nemendum frá atburðum, kveikt er á kerti og hins slasaða/látna minnst með bæn.
- Sóknarprestur dvelur í skólanum nokkurn tíma til þess að vera til taks fyrir þá sem þess þurfa.
- Ef ekki næst í sóknarprest sinna skólastjórnendur upplýsingahlutverkinu.
- Reynt er eftir föngum að halda stundaskár bekkjanna.
- Umsjónarkennari vinnur með bekknum að samúðarkortum og kveðjum.
- Skólastjórnendur og umsjónarkennari heimsækja fjölskyldu og færa blóm og kveðjur frá skólanum.
- Flaggað er í hálfu stöng við andlát.

Slys og dauðsföll foreldra eða náinna ættingja

- Ef upplýsingar berast til skólans um að foreldrar, systkini eða aðrir nákomnir ættingjar hafi slasast illa eða látið lífið t.d. vegna sjúkdóms eða slysfara leitar skólastjóri eftir staðfestingu á atburðum.
- Þegar staðfesting hefur fengist um að foreldrar eða systkini hafi slasast eða látist er gripið til álíkra aðgerða og þegar um slys og dauðföll nemenda er að ræða.
- Ef um aðra nákomna ættingja eða vini er að ræða er leitað eftir samráði við fjölskyldu um á hvern hátt brugðist er við. Það er í höndum skólastjóra og umsjónarkennara í sameiningu.
- Viðbrögð í slíkum tilvikum geta verið talsvert mismunandi og geta þar spilað inn í hversu nán tengsl eru á milli aðila. Hér þurfa að koma til væntingar og upplýsingar frá fjölskyldu um tilfinningar og upplifun barnanna af viðkomandi atburðum.

Slys og dauðsföll á meðal starfsmanna

- Ef upplýsingar berast til skólans um að starfmenn eða aðrir aðilar sem tengjast skólanum náði hafi slasast eða látist leitar skólastjóri eftir staðfestingu á atburðum.
- Um viðbrögð innan skólans er farið eftir sama ferli og ef um slys eða dauðsfall nemanda væri að ræða.

Langvarandi veikindi á meðal nemenda eða veikindi á heimilum þeirra

- Ef upplýsingar berast til skólans um að nemendur eða nánustu ættmenni þeirra þjáist af langvarandi alvarlegum sjúkdómum er upplýsingum komið á framfæri við starfsmenn. Það er í höndum skólastjóra.
- Upplýsingar sem færðar eru nemendum eru ákvarðaðar í samráði við foreldra eða forráðamenn.

Slys í vettvangsferðum

- Í öllum vettvangsferðum eru nemendur undir eftirliti kennara og/eða annarra starfsmanna skólans.
- Ef nemandi verður fyrir slysi í vettvangsferð mun kennari/starfsmaður meta aðstæður og alvarleika slyssins.
- Ef slysið er alvarlegt hefur kennarinn strax samband við neyðarlínu í síma 112 eða lækni sem vitað er um í nágrenni við slysstað.
- Kennarar á vettvangi hafa samband við skólastjóra eins fljótt og auðið verður og veit upplýsingar um ástand hins slasaða og hvert ráðgert sé að flytja hann til aðhlynningar.
- Skólastjóri mun þá þegar hafa samband við foreldra viðkomandi nemenda og liðsinna þeim eftir föngum.
- Ef slysið er mjög alvarlegt er að mestu fylgt viðbragðsáætlun: Slys og dauðsföll nemenda.

Önnur áföll

- Undir liðinn önnur áföll má flokka áföll s.s. skilnað foreldra, atvinnuelysi þeirra, eldsvoða á heimili, o.fl.
- Um leið og upplýsingar berast um slík áföll þurfa þær að berast skólastjóra sem upplýsir starfsmenn um stöðu mála.
- Kennarar og aðrir starfsmenn styðja við bakið á nemendum eins og kostur er.
- Á slíkum stundum þurfa nemendur að fá mikinn stuðning og skilning frá starfsfólki og skólasystkinum.
- Einnig mun skólinn bregðast við áföllum sem kunna að dynja yfir samfélagið í heild sinni s.s. náttúruhamfarir, slys eða farsóttir.

Umhverfi og slysavarnir

- Það er stefna Hvolsskóla í Rangárþingi eystra að allt starfsumhverfi hans sé hættulaust, jafnt fyrir nemendur og starfsmenn.
- Neyðarupplýsingar um nemendur eru geymdar í möppu hjá ritara. Hjúkrunarfræðingur aflar þessara upplýsinga frá foreldrum og uppfærir möppuna.
- Það er stefna skólans að allir nemendur og allir starfsmenn hans hafi þekkingu á og æfi rétt viðbrögð við hvers konar vá sem yfir getur dunið á skólatíma.
- Skólalóðin og leiktæki skólans þurfa að vera aðlaðandi og þannig úr garði gerð að þau skapi ekki hættur. Í þeim málum er reynt að fylgja gildandi reglum og leiðbeiningum fagfólks.
- Það er krafa skólans að allt umhverfi hans þ.m.t. leiksvæði, göngustígar og almennt aðgengi að skólanum sé vel upplýst í skammdeginu. Það er einnig krafa skólans að stöðugt sé unnið að hálkueyðingu á skólalóð og öðrum ferðaleiðum nemenda þegar þurfa þykir.
- Stöðugt er unnið að því að lagfæra skólahúsið og er þá haft að leiðarljósi að skólahúsið hæfi þeim nemendum sem þar starfa og að þar leynist ekki slysaáhrif. Í frímínútum er gæsla á skólalóð og á skólagöngum, þar sem reynt er eftir föngum að afstýra óhöppum og aðstoða nemendur sem þess þurfa. Nemendur eru undir leiðsögn eða gæslu kennara eða annarra starfsmanna á meðan á skólatíma stendur.
- Nemendur í skólaakstri og skólaferðum nota öryggisbelti í skólabílum og rútum.
- Nemendum ber að nota reiðhjólahlálma samkvæmt reglugerðum, þegar þeir koma á hjólum í skólann.
- Allir starfsmenn skólans sem starfa með eða eru í samskiptum við nemendu skulu hafa undirstöðuþekkingu í skyndihjálpi og slysavörnum.
- Skólahúsnæðið er fjöldahjálparstöð sem verður opnuð sem slík ef einhverjir þeir atburðir gerast sem ógnað geta lífi og velferð íbúa á svæðinu.

Rýmingaráætlun vegna bruna

- Hver starfsmaður er ábyrgur fyrir því að kynna sér rýmingaráætlun og safnstaði skólans. Spjöld hanga í öllum rýmum.
- Umsjónarkennari hvers hóps er ábyrgur fyrir að kynna áætlunina fyrir nemendum sínum.
- Ef kerfið fer í gang eiga starfsmenn að kalla saman sinn hóp að þeirri útgönguleið sem við á. Muna þarf eftir mætingarlistum.
- Ganga í rólegheitum á safnstað hvers bekkjar. Þó nemendur séu staddir annarsstaðar í húsi og fari út um aðra útgönguleið eiga þeir að skila sér á safnstað bekkjarins ásamt þeim starfsmönnum sem þeir voru með. Þangað eiga líka umsjónarkennari og stuðningsfulltrúi bekkjanna að koma við fyrsta tækifæri.
- Taka manntal.
- Ef einhvern vantar eða slys hefur orðið verður að tilkynna það til ábyrgðarmanna/björgunaraðila.
- Bíða eftir frekari fyrirmælum.

Rýmingaráætlun vegna jarðskjálfta

- Hver starfsmaður er ábyrgur fyrir því að kynna sér rýmingaráætlun og safnstaði skólans. Spjöld hanga í öllum rýmum.
- Umsjónarkennari ber ábyrgð á að kynna áætlunina fyrir sínum nemendum.
- Ef jarðskjálfti dynur yfir á skólatíma ber nemendum og kennara að halda ró sinni þar til skjálftinn líður hjá.
- Þegar skjálfti er liðinn hjá gildir sama áætlun og við bruna.
- Ef foreldrar eru kallaðir til, til að sækja börn sín, eru börnin á ábyrgð skólans þar til foreldrar hafa komið.

Óveður

- Skólabílstjórar á hverju svæði fyrir sig bera ábyrgð á að fylgjast með veðri og færð og taka ákvörðun um hvort fært er fyrir þá í skólann.
- Þegar bílstjórar ákveða að fara ekki tilkynna þeir það til skólastjórnenda eins fljótt og auðið er.
- Tilkynning er þá sett á fésbókarsíðu Hvolsskóla og á heimasíðu skólans.
- Áriðandi er að foreldrar fylgist vel með á síðunum ef veður er vont, eins geta þeir aflað sér upplýsinga hjá viðkomandi skólabílstjóra.
- Ef aftaka veður er á öllu skólasvæðinu munu skólastjórnendur taka ákvörðun um hvort skólahald verði eður ei.
- Ef ákveðið verður að fella niður skóla mun tilkynning vera sett á áður nefndar síður sem og til fréttastofu útvarpsins (RÚV).
- Foreldrar leggja einnig sjálfir mat á hvort fylgja þurfi börnum í skólann eða taka þá ákvörðun að senda ekki barn sitt í skóla vegna veðurs.
- Tilkynna þarf það þá til ritara eða á netfanginu forfall@hvolsskoli.is
- Ef veður verður mjög slæmt á skólatíma verða foreldrar beðnir um að sækja börnin sín „heim að dyrum“.
- Tilkynning þess eðlis verður sett á fyrrgreindar síður en einnig sendur tölvupóstur á foreldra.